

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í 26. tl., XII. kafla, II. viðauka, tilskipun nr. 96/70/EB. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimilt er að selja birgðir af vöru sem framleidd hefur verið og merkt fyrir gildistöku reglugerðar þessarar samkvæmt áður gildandi ákvæðum reglugerðar nr. 390/1995 um ölkelduvatn.

Umhverfissráðuneytinu, 27. nóvember 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

REGLUR

**um breytingu á reglum um smíði og búnað báta með mestu lengd
allt að 15 metrum, nr. 592/1994 með síðari breytingum.**

1. gr.

Grein 4.4. í kafla V-8 um vélbúnað orðast svo:

- 4.4. Útblástursop á opnum bátum skal vera minnst 100 mm yfir hleðsluvatnslínu. Þó má opið vera neðar ef lögnin frá opinu er pípa af minnst sama styrk og súðin, sem er tryggilega fest við bolinn og nær minnst 100 mm upp fyrir hleðsluvatnslínuna. Útblásturslagnir skulu lagðar á þann veg að hluti þeirra sé minnst 350 mm yfir hleðsluvatnslínu með fallrennsli til opins á súðinni.

2. gr.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt lögum nr. 35, 30. apríl 1993 um eftirlit með skipum, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytinu, 10. nóvember 1998.

Halldór Blöndal.

Helgi Jóhannesson.